



Fundargerð

Boðandi Lilja Hrönn Önnudóttir
Hrannarsdóttir

Dagsetning 21.01.2025

Tími 14:00 – 15:00

Staðsetning TEAMS

Málsnúmer MAR23110134

Boðuð Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson

Þátttakendur Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson

85. fundur Fiskeldissjóðs

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir 83. og 84. fundar samþykktar.

2. Samþykkt á lokaskýrslum

Stjórn samþykkti lokaskýrslu vegna eftirfarandi verkefna. Seinni hluti greiðslu vegna verkefnisins frá 2022 hafði verið greidd 2. mars 2023 án þess að lokaskýrsla var samþykkt. Hún verður því ekki greidd aftur.

- Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi 2021
- Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi, framhaldsverkefni 2022

Stjórn óskar eftir því að leitað verði skýringa á því hvers vegna misræmi er á samþykktum lokaskýrslum og greiðslu seinni hluta styrkja í tilfelli tveggja verkefna, þar sem síðari hluti styrks var greiddur út án þess að stjórn hefði samþykkt lokaskýrslu.

3. Erindi frá Strandabyggð

Tekið var fyrir erindi sem barst frá Strandabyggð. Formaður greindi frá samtali sínu við sveitarstjóra Strandabyggðar. Niðurstaða samtalsins var að erindið var dregið til baka.

4. Staða verkefna hjá Vesturbyggð

Stjórn fól starfsmanni að bóka fund með sveitarstjóra Vesturbyggðar.

5. Undirbúningur fyrir fund með ráðherra

Stjórn undirbjó sig fyrir fund með ráðherra.

6. Ársskýrsla 2024

Engar umræður.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.